

FUNDARGERÐ

Árið 2019, fimmtudaginn 27. júní kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkeli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Guðjón Bragason lögfræðingur og Karl Björnsson framkvæmdastjóri ásamt Ólafi Hjörleifssyni lögfræðingi hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu undir lið 2, dóm Hæstaréttar í máli Grímsnes- og Grafningshrepps gegn íslenska ríkinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 28. maí 2019

Lögð var fram fundargerð frá 28. maí 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 28. maí 2019 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Dómur Hæstaréttar í máli Grímsnes- og Grafningshrepps gegn íslenska ríkinu

Lagt var fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. júní 2019, um bókun frá stjórn Sambandsins þann 29. maí 2019 varðandi dóm Hæstaréttar. Þar kemur fram að stjórn Sambandsins leggi áherslu á að náíð samráð verði haft við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs og Sambandið hvernig staðið verði að uppgjöri á dómkröfum Grímsnes- og Grafningshrepps og annarra sveitarfélaga er málið varðar. Stjórn Sambandsins leggur áherslu á að dómþoli í málinu er íslenska ríkið. Í ljósi niðurstöðu dómsins og forsendna hans er mikilvægt að dómurinn leiði ekki til skerðingar á lögbundnum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til annarra sveitarfélaga. Stjórnin undirstrikar að dómurinn varði eingöngu jöfnunarframlög sem tengjast annars vegar tekjutapi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti og hins vegar vegna reksturs grunnskóla. Ennfremur leggur stjórnin áherslu á að náíð samstarf verði á milli ráðuneytis sveitarstjórnarmála og Sambandsins á úrbótum á lagaumhverfi Jöfnunarsjóðs sem hafi það að markmiði að eyða óvissu um lagagrundvöll Sjóðsins.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. júní 2019, þar sem greint er frá því að ákveðið hafi verið að fara í vinnu við að greina veikleika í III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 sem fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Jafnframt verður allt regluverk sjóðsins skoðað með hliðsjón af dómi Hæstaréttar.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði einnig fram til kynningar samantekt um fjárhagsleg áhrif dómsins.

3. Frysting ríkistekna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. júní 2019, varðandi frystingu ríkistekna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Lagt var fram nefndarálit frá meirihluta fjárlaganefndar um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024. Í kjölfar gerbreyttra efnahagshorfa lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram tillögu til þingsályktunar um

breytingu á fjármálastefnu fyrir Alþingi. Til að gæta samræmis milli fjármálastefnu og fjármálaáætlunar var jafnframt lögð fram ný fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024. Jafnframt er að finna breytingu á málefnasviði 8 sem er um sveitarfélög og byggðamál. Þar er lagt til að fallið verði frá svokallaðri frystingu framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árin 2020-2021.

4. Framlög vegna eflingar tónlistarnáms 2019/2020 skv. 2. mgr. 1. gr – tillaga um úthlutun framlaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 24. júní 2019, ásamt yfirliti yfir áætluð framlög til eflingar tónlistarnáms fyrir skólaárið 2019/2020.

Á grundvelli 3. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda ber sveitarfélögum að senda skrá um nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. Á grundvelli þeirra upplýsinga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni.

Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Fjármagn hvers árs er greitt úr ríkissjóði skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 3. desember 2018. Styrktarframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð vegna eflingar tónlistarnáms er 556,5 m.kr. á árinu 2019.

Nefndin samþykkti áætluð framlög til eflingar tónlistarnáms fyrir skólaárið 2019/2020 að fjárhæð 540.000.000 kr.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

5. Sólheimar - Sérstakt framlag ríkisins vegna aðstöðu fatlaðs fólks

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns, dags. 26. júní 2019, varðandi sérstakt framlag ríkisins vegna aðstöðu í þágu fatlaðs fólks á Sólheimum í Grímsnesi.

Félagsmálaráðuneytið mun á árinu 2019 veita sérstakt 30 m.kr. framlag til Sólheima sem verja á til uppbyggingar á aðstöðu, bætt aðgengis og innviða í þágu fatlaðs fólks með búsetu á Sólheimum. Framlagið er hluti af framlagi ríkisins vegna rammatillögu um samning milli Bergrisans bs. og Sólheima ses.

Í ljósi þess að Jöfnunarsjóður gegnir mikilvægu hlutverki varðandi greiðslur framlaga til sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málaflokki fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 2011 var ákveðið að 30 m.kr. framlagið rynni frá félagsmálaráðuneytinu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem síðan myndi úthluta framlaginu til Sólheima.

Lagt var fram annars vegar undirritað samkomulag milli félagsmálaráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs um greiðslu 30 m.kr. framlags til sjóðsins á árinu 2019 og hins vegar undirritað samkomulag milli Jöfnunarsjóðs og Sólheima vegna úthlutun sérstaks framlags ríkisins úr sjóðnum með vísan til fyrrgreinds samkomulags félagsmálaráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs.

6. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs – framlög 2019

Umsókn frá Reykjavíkurborg vegna Klettaskóla - framhald

Þar sem lögfræðilegt álit frá borgarlögmanni lá ekki fyrir var ákveðið að fresta erindinu fram á næsta fund.

7. Viðbótarframlög 2019

Heimilt er að veita sérstök viðbótarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk á grundvelli reglugerðar 145/2019 um þjónustu við fatlað fólk. Í 2. gr. reglugerðar segir: „Til viðbótar framlögum skv. 1. mgr. er heimilt að veita sérstök viðbótarframlög til svæða ef um verulega íþyngjandi kostnað umfram tekjur er að ræða. Ráðgjafarnefnd setur sérstakar verklagsreglur um úthlutun viðbótarframlaga.“

Viðbótarframlögin hafa verið veitt frá árinu 2014 og hafa þau tekið tillit til lækkunar framlaga til þjónustusvæða milli ára, hallareksturs á þjónustusvæðum sem og annarra sérstakra tilfella. Gert er ráð fyrir að viðbótarframlög ársins 2019 geti numið allt að 400 m.kr. Taka þarf til umræðu hvort og með hvaða hætti viðbótarframlög vegna ársins 2019 geta komið til greiðslu.

Að lokinni umræðu ákvað nefndin að fela starfsmönnum sjóðsins að kanna rekstrarniðurstöðu þjónustusvæða. Þó er ekki ákveðið hvort og með hvaða hætti viðbótarframlög verði veitt 2019. Málið verður tekið fyrir aftur síðar á árinu.

8. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Fjallað var um ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem fyrirhugað er að halda 2. október næstkomandi á Hótel Nordica. Rætt var um væntanlega dagskrá og var ákveðið að halda þeirri umræðu áfram á næsta fundi.

9. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 22. ágúst kl. 10:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 13:40.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Friðbjörg Matthíasdóttir

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson